

Alþingi
Erindi nr. P 128/728
komudagur. 2.12.2002

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

SÍÐUMÚLA 13,
108 REYKJAVÍK,
SÍMI 545 1200,
TELEFAX 545 1212,
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160,
128 REYKJAVÍK.

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002


Umsögn um þingsályktunartillögu um samanburð á matvælavæðri héraðs, á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu, 7. mál.

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við tilgang þessarar þingsályktunartillögu. Vegna einangrunar frá öðrum mörkuðum, smæðar og fákeppni á íslenskum markaði, eru samanburðarkannanir við verðlag í öðrum löndum mjög nauðsynlegar.

Neytendasamtökin leggja áherslu á að slíkar kannanir gefi raunverulega mynd af markaðnum og veiti neytendum fullnægjandi upplýsingar um einstakar vörur og vöruflokka. Neytendasamtökin hafa á umliðnum árum gert fjölmargar slíkar kannanir. Í þessum könnunum hafa Neytendasamtökin lagt áherslu á að veita neytendum allar upplýsingar um leið og markaðnum hér er veitt sem mest aðhald. Það var einmitt í kjölfar slíkrar könnunar að gripið var til eingreiðslna til grænmetisframleiðenda til að jafna verð á grænmeti hér á landi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Neytendasamtökin lýsa sig reiðubúin til að sinna slíkri starfsemi áfram, en þá þarf að tryggja samtökunum nauðsynlega fjármuni.

Hagstofa Íslands gegnir mikilvægu hlutverki, meðal annars í að mæla breytingar á verðlagi hér á landi og hefur nú einnig í vaxandi mæli einnig gefið upp samhliða slíkar upplýsingar frá nágrannalöndum okkar. Hagstofan birtir kannanir sínar án nafns söluaðila og vörumerkis, enda hentar slíkt mjög vel við það starf sem Hagstofan sinnir. Neytendasamtökin fagna slíku upplýsingastarfi. Það er hins vegar nauðsynlegt að samanburðarkannanir séu þannig að þær tryggi nauðsynlegt upplýsingaflæði til neytenda og sem mest aðhald að markaðnum. Ef Hagstofan á að sinna þessu verkefni verður að tryggja að allar upplýsingar komi fram. Það er hins vegar áleitinn spurning hvort það myndi henta þeirri starfsemi sem Hagstofan sinnir í dag. Neytendasamtökin hafa þannig efasemdir um að Hagstofa Íslands sé rétti aðilinn til að standa fyrir slíkum könnunum.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður